

Annas Sigmundsson

Frá: Gísli Halldór Halldórsson <gislihh@arborg.is>
Sent: 17. desember 2018 12:41
Til: Annas Sigmundsson
Afrit: Rósa Sif Jónsdóttir
Efni: 1810048 - Byggðakvóti 2018/2019

Góðan daginn.

Bæjarráð Sveitarfélagsins Árborgar tók til umfjöllunar, á fundi sínum þann 29. nóvember, erindi frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, dags. 23. nóvember, um niðurstöðu að úthlutun byggðakvóta til sveitarfélagsins. Niðurstaða fundarins var að bæjarráð samþykkti að byggðakvótinn verði auglýstur til úthlutunar með sömu reglum og áður giltu.

Sveitarfélagið Árborg samþykkir því eftirfarandi sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta fyrir Sveitarfélagið Árborg:

Ákvæði reglugerðar nr. 6854/2018 gilda um úthlutun byggðakvóta Eyrarbakka og Stokkseyrar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

a) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið á tímabilinu 1. september 2017 til 31. ágúst 2018.

b) 2. mgr. 4. gr. fellur brott.

c) Ákvæði 1. og 2. málsl. 1. mgr. 6. gr. breytist og verður:

Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2018 til 31. ágúst 2019.

Með kveðju,
Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri.



Austurvegur 2 – 800 Selfoss – Tel: +354 480 1900 – www.arborg.is

Þessi tölvupóstur og/eða viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist má ekki skrá neitt úr póstinum hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt er móttakanda skylt að gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist, sbr. fyrirmæli 9.mgr. 47.gr. laga nr. 81/2003 er að ræða um fjarskipti.